



Ársskýrsla Lyfjastofnunar

Icelandic Medicines Agency

Annual Report
2009

Netútgáfa
Web edition

Gæði - Traust - Þjónusta
Quality - Trust - Services

Efnisyfirlit/Table of Contents

1. Inngangur	3
2. Introduction.....	5
3. Yfirmarkmið Lyfjastofnunar árið 2009 – Árangur.....	6
4. Yfirmarkmið Lyfjastofnunar árið 2010	6
5. Stjórnýsla	7
5.1. Lyfjanefnd	7
5.2. Erlent samstarf.....	7
5.3. Verklagsteymi og gæðamál.....	9
5.4. Upplýsingatækni	10
5.5. Fjármáladeild	10
5.6. Lögfræðideild	11
5.7. Upplýsingadeild.....	11
6. Eftirlitssvið / Inspection Unit	19
6.1. Árangur - Deilimarkmið 2009.....	19
6.2. Eftirlit.....	19
6.3. Lyfjagát.....	23
7. Skráningarsvið / Licencing Unit.....	26
7.1. Árangur - Deilimarkmið 2009.....	26
7.2. Leyfisveitingar lyfja	27
7.3. Lyf án markaðsleyfis – undanþáguumsóknir	32
7.4. Vísindaráðgjöf	33
8. Lykiltölur 2009 / Key figures 2009.....	34

1. Inngangur

Lyfjastofnun fékk hefðbundna úttekt hjá Ríkisendurskoðun og ekki voru gerðar sérstakar athugasemdir. Lyfjastofnun var síðan í sérstöku 50 stofnana úrtaki Ríkisendurskoðunar þar sem könnuð voru viðbrögð við og undirbúningur stofnana fyrir samdrátt í ríkisrekstri. Ekki voru gerðar athugasemdir við rekstur stofnunarinnar í þeirri úttekt. Í ágúst hóf Ríkisendurskoðun forkönnun fyrir stjórnsluúttekt sem lauk í október með þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á stjórnsluúttekt. Gagnlegar ábendingar fengust í forkönnuninni, m.a. að stofnunin hefði augin samskipti við hagsmunaaðila. Lyfjastofnun heldur reglulega fundi með lyfjafyrirtækjum og starfsfólki lyfjabúða auk fjölda smærri funda. Áframhald verður á slíkum fundum.

Lyfjastofnun hefur aldrei gefið út jafn mörg markaðsleyfi/leyfi, þ.m.t. samheitalyfja, og á árinu 2009 og umsóknum og verkefnum fjölgaði umtalsvert. Stofnunin gaf út 22 markaðsleyfi þar sem Ísland var umsjónarland í útgáfuferlinu. Álag hefur verið á eftirlitssviði ekki síst við þjálfun nýrra eftirlitsmanna. Auglýsingar lyfjafyrirtækja hafa verið í skoðun og er ætlunin að birta leiðbeiningar fyrir fyrirtæki þar um á vefsíðu stofnunarinnar. Þá er fyrirhugað að birta á vefsíðu Lyfjastofnunar ákvarðanir í einstökum málum.

Þrátt fyrir að afköst starfsmanna hafi verið fádæma góð hefur stofnunin ekki getað afgreitt eins mörg erindi innan tímamarka og áður. Ástæðan er sú að verkefnum hefur fjölgað mun meira en gert var ráð fyrir og þau hafa verið umfangsmeiri, þ.e. mun fleiri umsóknir um markaðsleyfi þurfti að meta að fullu. Þetta hafði í för með sér aukið álag á sérfræðinga og umfjöllunartími lengdist. Ekki var mögulegt að fjölga fólki þar sem húsnæði er þröngt. Starfsmönnum til mikillar ánægju var loksins tekin ákvörðun um að flytja í stærra húsnæði. Gert er ráð fyrir að flutt verði í byrjun sumars 2010 í nýtt húsnæði við Vínlandsleið.

Framlag Lyfjastofnunar til samstarfs lyfjastofnana á Evrópska efnahagssvæðinu er mikið miðað við höfðatölu. Starfsmenn stofnunarinnar hafa tekið virkan þátt í starfi nefnda og tekið að sér fjölda verkefna. Stofnunin tók að sér fleiri vísindaráðgjafarverkefni en áður. Föst fjárlög munu að öllum líkindum hafa áhrif á framlag stofnunarinnar til EES samstarfsins á næsta ári.

Lyfjastofnun ákvað að stytta enskt heiti stofnunarinnar í Icelandic Medicines Agency, skammstafað IMA, til samræmis við heiti systurstofnana á Evrópska efnahagssvæðinu, EES. Samstarf lyfjastofnana innan EES eykst sífellt þar sem samræmdar aðgerðir skila betri árangri. Sem dæmi má nefna hversu vel tókst að gefa út markaðsleyfi fyrir bóluefni gegn svínaflensu A(H1N1). Með góðum undirbúningi og skipulagi tókst að gefa út markaðsleyfi fyrir þau á met tíma. Samræmdar aðgerðir, bólusetning, upplýsingagjöf og samræmd samskipti við fjölmiðla tókst með ágætum. Samanburðarúttekt lyfjastofnana á Evrópska efnahagssvæðinu hélt áfram á árinu 2009. Gert er ráð fyrir að þessari umferð ljúki á árinu 2011. Lyfjastofnun var tekin út í mars, úttektin tókst vel og hafði stofnunin bætt sig á flestum sviðum.

Þróun nýs hugbúnaðarkerfis fyrir Lyfjastofnun hefur ekki gengið sem skyldi. Lögð verður áhersla á að ljúka þessu verkefni á árinu 2010. Þá tókst ekki að ljúka vegvísi Lyfjastofnunar til næstu fimm ára vegna óvissu í rekstri stofnunarinnar.

Áríðandi er að endurskoða lyfjalöggjöf vegna upptöku nýrra tilskipana í EES samninginn en ekki síður vegna þess að löggjöfin er orðin 16 ára gömul. Þrátt fyrir ýmsar lagfæringar er heildarendurskoðun löngu tímabær. Þá er mikilvægt að undirbúa starfsemi Lyfjastofnunar fyrir væntanlegar breytingar á evrópsku lyfjalöggjöfinni þar sem kveðið er á um aukið eftirlit og breytingar á lyfjagát.

Árið 2009 hefur verið athyglisvert fyrir margra hluta sakir. Niðurskurður í ríkisútgjöldum hefur haft áhrif á rekstur flestra ríkisstofnana. Fjárlög 2010 boðuðu enn frekari niðurskurð. Lyfjastofnun er á föstum fjárlögum sem A-hluta stofnun og þarf að halda rekstri innan fjárlaga. Ríkissjóður heldur eftir hluta af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Þetta veldur því að stofnunin mun ekki geta þróað áfram nýsköpunarverkefni sitt, þ.e. að taka að sér að fullmeta lyf inn á fleiri markaðssvæði á Evrópska efnahagssvæðinu og þar með skapa gjaldeyristekjur, fjölga störfum án framlags úr ríkissjóði og auka skatttekjur fyrir íslenska ríkið. Fyrirséð er að stofnunin mun þurfa að draga saman þjónustu við lyfjafyrirtæki og aðra sem þurfa á þjónustu Lyfjastofnunar að halda. Þá mun afgreiðsla verkefna tefjast vegna fjárlaga og fyrirbyggjandi verkefna.

Þrátt fyrir mikið álag á starfsfólki Lyfjastofnunar hefur starfsandi verið góður. Flutningur í nýtt húsnæði verður lyftistöng fyrir starfsemina þar sem öll aðstaða verður mun betri. Starfsfólk stofnunarinnar á lof og þakkir skildar fyrir frábært starf á árinu við erfiðar aðstæður.



Rannveig Gunnarsdóttir

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri
Apríl 2010

2. Introduction

The Icelandic Medicines Control Agency decided to shorten its name to The Icelandic Medicines Agency, IMA, in line with what many sister EEA agencies have chosen to do.

The Icelandic Medicines Agency has issued more licenses this year for generic medicinal products than ever before. Applications have been numerous and IMA was not able to adhere to all time limits due to lack of resources. Nevertheless 45 national MAs whereof 3 were new generic products which needed full assessment were issued. Of 222 Decentralised / Mutual Recognition Marketing Authorisations 22 where Iceland acted as Reference Member State.

With such a rise in applications there is a need for greater productivity, the restrictions mainly due to lack of office space. A decision has finally been taken to move to new premises next year which will create the possibility to recruit more experts.

The IMA's contribution to the work of the EEA Medicines Agencies and the European Medicines Agency increased this year with active participation in numerous expert committees. Its contribution might however decrease in coming years due to the financial situation in Iceland.

The Inspection unit has had a busy year. More advertisements on medicinal products have been under scrutiny, paper inspections are also more numerous in addition to regular inspections and training of new staff.


The European Medicines Agency approved three influenza vaccines which most EEA Governments decided to offer to their citizens. Presently the influenza pandemic has not become as virulent as anticipated. The public has been aware of side-effects and 29 adverse events, 14% of total adverse events reported, were due to the influenza vaccine, two of which were serious events. Over all more than two hundred adverse events were reported this year which is twice as much as the previous year, the main reason being reports received from the general public.

The second round of the Benchmarking Exercise is ongoing. The IMA was assessed in March, the results being good improvement from the assessment in 2005.

Expectations of the new IT system have been dampened. It had been planned to start implementing the new system this year but that has not been the case. Hopefully the new IT system will be in full operations next year. This drawback has delayed renewals of other IT systems.

Approval of the fiscal budget in December has put restrictions on the IMA, which will not be able to accept more Reference Member States applications from the industry as had been planned. IMA cannot charge fees for assessing these applications if IMA's income will be higher than the budget for 2010.

Work on the IMA's Road Map to 2015 is progressing and will hopefully be finalized next year. Delays are mainly due to uncertainties in the financial situation in Iceland. In this climate future planning is difficult.



Rannveig Gunnarsdóttir, Executive Director
April 2010

3. Yfirmarkmið Lyfjastofnunar árið 2009 – Árangur

- **BEMA**
Önnur samanburðarúttekt á vegum forstjóra lyfjastofnana á Evrópska efnahagssvæðinu (Benchmarking European Medicines Agencies) fór fram í mars og tókst vel. Niðurstaða úr fyrri úttektum var góður en stofnuni hefur enn bætt sig. Allar athugasemdir eru skoðaðar og úrbóta leitað eftir föngum.
- **Vegvísir Lyfjastofnunar til næstu fimm ára**
Vegvísir til næstu fimm ára er kominn vel á skrið. Verkinu lauk ekki á árinu þar sem óvissa hefur ríkt með fjárlög og framtíð stofnunarinnar. Lausn á húsnæðisvanda er í höfn sem er lykilatriði í frekari uppbyggingu og framþróun stofnunarinnar.
- **Fleiri áfangar í rafrænni stofnun – fjölgun gagnvirkra rafrænna eyðublaða á vef stofnunarinnar.**
Þetta markmið tókst ekki vegna vandamála sem upp hafa komið við þróun á nýja tölvukerfinu og óvissu í rekstri.

4. Yfirmarkmið Lyfjastofnunar árið 2010

- **Unnið markvissara með hagsmunaaðilum að tryggri lyfjadreifingu og framboði nauðsynlegra lyfja**
- **Efling upplýsingatæknimála - fleiri áfangar**
- **Vegvísir til ársins 2015**

5. Stjórnarsýsla

5.1. Lyfjanefnd

Lyfjanefnd Lyfjastofnunar er stofnuninni til ráðgjafar í lyfjamálum. Nefndin er skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði. Heilbrigðisráðherra skipar formann. Aðra nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðherra í samráði við formann. Þegar fjallað er um dýralyf taka yfirdýralæknir og dýralæknir sæti í nefndinni, skipaðir af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Varamenn þeirra eru skipaðir á sama hátt. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár og er skipunartími starfandi nefndar útrunninn. Nauðsynlegt er að skipa nýja nefnd. Lyfjanefnd hélt fimm fundi á árinu.

Lyfjanefnd skipa:

Formaður:

Sigurður B. Þorsteinsson, yfirlæknir

Aðrir nefndarmenn:

Árni Kristinsson, sérfræðingur / læknir

Brynjar Viðarsson, sérfræðingur / læknir

Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor / lyfjafræðingur

Jakob L. Kristinsson, dósent / lyfjafræðingur

Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir

Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður / dýralæknir

5.2. Erlent samstarf

5.2.1 Lyfjastofnun Evrópu, EMA

Stjórn EMA

Forstjóri Lyfjastofnunar situr stjórnarfundi sem áheyrnarfulltrúi, þar sem rædd eru mikilvæg mál í samstarfi lyfjastofnana á Evrópska efnahagssvæðinu m.a. um upplýsingatækni og sérfræðiframlag lyfjastofnana til EMA.

CHMP

Sérfræðingar Lyfjastofnunar eiga sæti í sérfræðinganefnd sem metur lyf fyrir menn og taka að sér verkefni.

CVMP

Sérfræðingar Lyfjastofnunar eiga sæti í sérfræðinganefnd sem metur lyf fyrir dýr.

COMP

Sérfræðingur Lyfjastofnunar situr í sérfræðinganefnd sem metur hvort lyf sé ætlað við sjaldgæfum sjúkdómum (Orphan Medicinal Products) og tekur að sér verkefni fyrir nefndina.

HMPC

Sérfræðingur Lyfjastofnunar situr í jurtalyfjanefndinni Herbal Medicinal Products Committee, sem fjallar um hvaða jurtir eru skilgreindar sem lyfjavirkar, og útbýr skilgreiningar á slíkum jurtum, svokallaðar mónógrafíur.

PDCO

Sérfræðingur Lyfjastofnunar situr í sérfræðinganefnd sem sérstaklega fjallar um lyf fyrir börn.

CAT (Committee for Advanced Therapies)

Sérfræðingur Lyfjastofnunar situr í nefndinni.

Tölvukerfi, PIM, dictionaries, Eudrapharm, TIGs

Ýmsir vinnuhópar um tölvumál m.a. um flutning gagna til EudraPharm og til að prófa PIM hugbúnaðarkerfi sem notað er við textavinnslu.

QRD (Working Group on Quality Review of Documents)

Fulltrúi Lyfjastofnunar sækir fundi og tekur virkan þátt í vinnuhópi sem aðstoðar vísindanefndir EMA og fyrirtæki með þau atriði sem snúa að framsetningu lyfjaupplýsinga frá sjónarhóli tungumála. Í hópnum eru fulltrúar frá EMA, Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og öllum ríkjum EES.

QWP

Vinnuhópur EMEA um gæði, „quality“. Sérfræðingur stofnunarinnar sækir fundi og tekur virkan þátt í starfi vinnuhópsins.

SAWP

Fundir um vísindaráðgjöf á vegum EMEA. Sérfræðingar stofnunarinnar sækja fundi og taka virkan þátt í starfi vinnuhópsins.

EWP

Efficacy Working Party, sérfræðinganefnd um lyfjavirkni. Sérfræðingur stofnunarinnar sækir fundi og tekur virkan þátt í starfi vinnuhópsins.

PhVWP

Fundir um lyfjagát.

EMA GMDP IWG, GCP IWG, PhV IWG

Fundir eftirlitsmanna hjá Lyfjastofnun Evrópu.

Námskeið og þjálfun

MedDRA, nýliðaþjálfun, GCP, Expert database, Transparency, ráðstefnur.

5.2.2 Framkvæmdastjórn ESB

Pharmaceutical Committee

Nefnd á vegum framkvæmdastjórnar ESB sem fjallar um drög að tilskipunum, reglugerðum og niðurstöður dómsmála um lyfjamál.

Notice to Applicants

Fundur á vegum framkvæmdastjórnar ESB um leiðbeiningar til umsækjenda um markaðsleyfi. Leiðbeiningar sem eru í sífelldri endurskoðun.

5.2.3 Lyfjastofnanir á EES

Heads of Agencies

Fundir forstjóra lyfjastofnana innan EES. Mikilvægir fundir þar sem öll samvinna, samræming og verkeskipting er rædd.

BEMA

Samánburðarúttekt á vegum lyfjastofnana innan EES.

CMD(h)

Sérfræðinefnd sem fjallar m.a. um umsóknir um markaðsleyfi mannalyfja með gagnkvæmri viðurkenningu.

CMDv

Sérfræðinefnd sem fjallar m.a. um umsóknir um markaðsleyfi dýrallyfja með gagnkvæmri viðurkenningu.

EMACOLEX

Umræðuvettvangur lögfræðinga lyfjastofnana EES, á vegum Heads of Agencies.

WGCP

Vinnuhópur um samskiptamál.

WGQM

Vinnuhópur gæðastjóra lyfjastofnana

5.2.4 PIC/S Alþjóðasamstarf lyfjaeftirlitsmanna

PIC/S

Fundir í alþjóðasamtökum eftirlitsmanna ásamt þjálfunarnámskeið fyrir eftirlitsmenn landanna

5.2.5 Evrópuráðið

Pharmacopoeia Committee

Lyfjaskrárnefnd Evrópuráðsins.

EDQM- samstarf

Samstarf sem lýtur að mati á „Drug Master File“ þ.e. framleiðlu lyfjavirkra efna og útgáfu á „Certified European Pharmacopoeia“, CEP vottorðum. Sérfræðingur stofnunarinnar tekur virkan þátt í þessu mati.

5.2.6 Norrænt samstarf

Norrænt samstarf um flokkun vöru.

Norrænt samstarf um lyfjaauglýsingar.

Norrænt samstarf um úttektir.

Vinnuhópur um norræna lyfjatölfræði (NOMESCO).

5.3. Verklagsteymi og gæðamál

Fyrsta hluta árs 2009 var megináherslan lögð á að ljúka undirbúningi að BEMA ytri úttekt (Benchmarking of European Medicines Agencies) á stofnuninni. Úttektin fór fram um vorið og tókst að ljúka mjög ítarlegu sjálfsmati með virkri þátttöku allra sviða og hlutaðeigandi sérfræðinga. Auk þess voru ýmis hagnýt atriði við skipulagningu og framkvæmd sjálfrar úttektarinnar talsvert tímafrek, þar á meðal að staðsetja og finna nauðsynleg gögn til að gera þau aðgengileg matsmönnum. Úttektin gekk vel og mældist árangur stofnunarinnar góður og batnandi samkvæmt flestum mælikvörðum miðað við fyrstu sambærilega ytri úttekt fjórum árum fyrr.

Uppfærsla og nýritun gæðaskjala í formi stefnuskjala, verkferla, vinnulýsinga og eyðublaða hélt áfram. Til að mynda tókst skráningarsviði að ljúka allstórum bálki gæðaskjala um klínískar lyfjarannsóknir og tegundabreytingar og eftirlitssviðið uppfærði og bætti við gæðaskjölum um stefnumótun eftirlits og þjálfun starfsmanna, auk gæðaskjala um váboð og innkallanir lyfja .

Innri úttektir héldu áfram á árinu. Auk BEMA sjálfsmatsins var höfuðáhersla lögð á ferla tengda innköllun lyfja af markaði og lyfjagát.

5.4. Upplýsingatækni

Áhersla var lögð á að þróa nýtt tölvukerfi sem leysa á af hólmi núverandi, samskipta-, lyfja- og textakerfi. Vinnuhópur starfaði allt árið að þróun lyfjakerfis. Byrjað var að þróa lyfjatextakerfi eftir að hópur starfsmanna Lyfjastofnunar hafði skilgreint þarfir. Samskiptakerfið var þarfagreint miðað við að CRM og SharePoint yrði notað og útfærsla hófst.

Um áramót var Lyfjastofnun tilbúin að taka á móti markaðsleyfisumsóknum á rafrænu formi.

5.5. Fjármáladeild

Á árinu 2009 reyndist heildarrekstrarkostnaður Lyfjastofnunar vera 427 milljónir króna en var 376 milljónir krónur árið 2008, sem er aukning um rúm 13,5%. Tekjur stofnunarinnar voru 403,8 milljónir króna og jukust um rúmlega 14,9% á milli ára. Uppsafnaður rekstrarafgangur var notaður til að mæta rekstrarhalla ársins 2009. Launagjöld ársins voru 290 milljónir króna, húsnæðiskostnaður 13,8 milljónir króna og önnur rekstrargjöld 123 milljónir króna. Launagjöld hækkuðu um 18,7% frá fyrra ári og skýrist bæði af fjölgun starfsmanna og aukningu starfshlutfalls vegna verkefnaálags og nýrra verkefna. Tölvu- og kerfisfræðipjónusta hækkaði um tæplega 4,7 milljónir króna milli ára þar sem ekki hefur enn tekist að ljúka nýju upplýsinga og samskiptakerfi. Lyfjastofnun hefur fengið óverulegt eða ekkert framlag úr ríkissjóði á síðustu 5 árum. Árið 2008 kom til fjárveiting vegna almennra kjarasamninga og árið 2009 fékkst styrkur til upplýsingatækni verkefnis sem var dregið tilbaka.

Rekstur 2007-2009 í milljónum kr. / Budget summaries 2007-2009 in M. IKr.

Tekjur / Revenue	2007	2008	2009
Skatttekjur / Tax income	117,3	137,4	157,4
Umsóknargjöld / Fees	118,5	163,4	181,8
Aðrar tekjur / Other income	26,3	44,4	60,5
Framlag úr ríkissjóði / Contribution from the state treasury		5,8	4,0
Tekjur alls / Total Revenue	262,0	351,0	403,8
Rekstrarkostnaður / Expenditure	2007	2008	2009
Launakostnaður / Staff	205,2	244,2	290,0
Ferðir og fundir / Travel and meetings	11,2	19,3	18,5
Aðkeypt þjónusta / IT services and outsourced services	38,6	88,0	92,5
Húsnæði / Accommodation	10,2	13,0	13,8
Önnur rekstrargjöld / Other expenditure	12,0	11,3	12,1
Rekstrarkostnaður alls / Total Expenditure	277,2	375,9	427,0
Staða í árslok / Balance	(15,3)	(24,9)	(23,2)

5.6. Lögfræðideild

Aðalstarf lögfræðings er að veita lögfræðilega ráðgjöf innan stofnunarinnar auk þess að sinna hefðbundinni úrlausn kær- og kvartanamála og veita umsögn við margvíslegum erindum sem stofnuninni berast. Fjórar ákvarðarnir Lyfjastofnunar voru kærðar til ráðuneytisins árið 2009. Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili, kærði synjun Lyfjastofnunar á heimild til innflutnings á lyfjum. Heilbrigðisráðuneytið staðfesti ákvörðun Lyfjastofnunar. Lyfsöluleyfshafi Lyfja og heilsu Glerártorgi og Lyf og heilsa hf. kærðu synjun Lyfjastofnunar á að útibú 2 á Dalvík gæti sinnt útibú 3 á Ólafsfirði. Úrskurðar ráðuneytisins er beðið. Fyrirtækið Artasan kærði niðurstöðu Lyfjastofnunar um bann við notkun á orðinu „vinsælast“ í auglýsingu á lyfinu Nicotinell lyfjatyggigúmmís. Heilbrigðisráðuneytið staðfesti ákvörðun Lyfjastofnunar. Actavis kærði ákvörðun vegna umbúða sem var síðan dregin til baka.

Hinn svokallaði 2004 lyfjapakki var innleiddur í EES-samninginn 29. maí 2009 með ákveðnum fyrirvara fyrir Noreg og Liechtenstein. Þeim fyrirvara var aflétt 23. desember 2009 og hefur löggjöfin því verið formlega innleidd í samninginn. Brýnt er að breytingar sem þar koma fram verði innleiddar í íslenska löggjöf.

5.7. Upplýsingadeild

Meginverkefni upplýsingadeildar eru umsjón með vefsíðu stofnunarinnar, útgáfumál, lyfjatölfræði og samskipti við almenning og fagstéttir.

5.7.1. Vefsíða

Notkun vefsíðu Lyfjastofnunar jókst á árinu. Daglegum notendum fjölgaði um 7,4%, fjöldi innlita jókst um 7,2% og nýjum notendum fjölgaði um 12,3%. Nýjum notendum Lyfjaupplýsinga (Sérlyfjaskrár) fjölgaði um 7,6% og daglegum notendum um 3,1%. Ekki tókst að ljúka vinnu við umbætur á Lyfjaupplýsingum/Sérlyfjaskrá sem hófust á árinu.

5.7.2. Upplýsinga- og fræðslustarfsemi

Útgáfa á upplýsingaspjöldum ætluðum almenningi sem hófst árið 2008 hélt áfram. Þriðja spjaldið, sem fjallaði um fylgiseðla, kom út á árinu undir yfirskriftinni *Lesum fylgiseðilinn*.

Samhliða því var birtur flokkur greina um sama efni á vef stofnunarinnar. Greinilegt er að útgáfa upplýsingaspjaldanna hefur borið árangur og hefur heimsóknnum á vefsíðu stofnunarinnar fjölgað umtalsvert svo og upplýsingagjöf til almennings og fagstétta.

Undanfarin ár hefur Lyfjastofnun haldið fræðslu- og kynningarfundum með starfsfólki lyfjabúða og markaðsfyrirtækja. Fundir þessir hafa nú öðlast fastan sess í samskiptum stofnunarinnar við starfsfólk þessara vinnustaða og eru ávallt vel sóttir og þykja nauðsynlegur vettvangur til skoðanaskipta.

5.7.3. Lyfjabúðir á Íslandi

Lyfjastofnun kannaði mönnun lyfjabúða í landinu með svipuðum hætti og undanfarin ár. Sent var út eyðublað í tölvupósti til útfyllingar.

Beðið var um upplýsingar fyrir lyfjabúðir og útibú um:

1. Fjölda vinnustunda og starfsmanna eftir starfsheitum.
2. Starfshlutfall lyfsöluleyfshafa.
3. Fjölda lyfjaávísana (ordinationa) árið 2009.
4. Afgreiðslutíma.
5. Lyfjaskömmtnun.
6. Aðra þjónustu t.d. skipskistur og þjónustu við aðrar stofnanir.

Lyfjabúðum fjölgaði um tvær á árinu 2009 og voru í árslok 54 og lyfjaútibú voru 38.

Heildarfjöldi lyfjaávísana sem afgreiddur var á árinu jókst um 0,5% frá síðasta ári í 2,3 millj. ávísana. Flestar ávísanir frá einni lyfjabúð voru 167 þús. en færstar rúmlega 9 þús.

Í árslok voru tvö útibú í flokki 1. Fjögur útibú afgreiddu fleiri en 10.000 lyfjaávísanir á árinu 2009.

Lyfsöluleyfshafar eru 54 og 10 þeirra eru í hlutastarfi. Í 12 lyfjabúðum var aðeins einn lyfjafræðingur á afgreiðslutíma. Í sex lyfjabúðum voru alltaf a.m.k. tveir lyfjafræðingar á afgreiðslutíma. Lyfjabúðum með a.m.k. tvo lyfjafræðinga á afgreiðslutíma hefur fjölgað um fjórar.

Alls störfuðu 154 lyfjafræðingar (lyfsöluleyfshafar meðtaldir) í lyfjabúðum landsins sem samsvarar 1,5 lyfjafræðingi á afgreiðslutíma sem er óbreytt frá síðasta ári.

Lyfjataeknar voru 75 sem samsvarar 0,8 á afgreiðslutíma, voru 0,7 árið 2008. Mest voru 3,5 lyfjataeknar á afgreiðslutíma en 17 lyfjabúðir höfðu engan lyfjataekni í sinni þjónustu, jafnmargar og síðasta ár. 11 lyfjabúðir höfðu fleiri en tvo lyfjataekna í sinni þjónustu, voru 7 árið 2008.

Þjálfað starfsfólk var 256 sem samsvarar 2,4 á afgreiðslutíma. Samtals voru því starfsmenn lyfjabúða 485 sem samsvarar 341 ársverki en voru 335 árið áður.

Meðal afgreiðslutími lyfjabúða á landinu er 52 stundir á viku, lengstur afgreiðslutími er 126 stundir en skemmstur 33 stundir á viku. Meðal afgreiðslutími hefur styst um hálf klukkustund.

Þar sem íbúafjöldi er til viðmiðunar er notaður miðársmannfjöldi 2009 frá Hagstofu Íslands.

Afgreiðslustaðir lyfseðla	2007	2008	2009
Lyfjabúðir	56	52	54
Útibú	40	40	38
Lyfjasölur	4	4	4
Sjúkrahúsapótek	1	1	1
Samtals	101	97	97

Starfsfólk lyfjabúða	2007	2007 Meðal viðvera á afgreiðslust.	2008	2008 Meðal viðvera á afgreiðslust.	2009	2009 Meðal viðvera á afgreiðslust.
Lyfjafræðingar	149	1,3	146	1,5	154	1,5
Lyfjataeknar	68	0,7	66	0,7	75	0,8
Þjálfað starfsfólk	274	2,5	269	2,6	256	2,4
Samtals	491	4,5	481	4,8	485	4,7

Lyfjabúðir	Lyfjabúð			Útibú			Sjúkrahúsapótek			Lyfjasödur		
	2007	2008	2009	2007	2008	2009	2007	2008	2009	2007	2008	2009
Reykjavík	25	21	23				1	1	1			
Reykjanes	13	13	13	2	2	2						
Vesturland	5	5	5	8	8	7				1	1	1
Norðurland	7	7	7	14	14	13						
Austurland	2	2	2	8	8	8				1	1	1
Suðurland	4	4	4	8	8	8				2	2	2
Samtals	56	52	54	40	40	38	1	1	1	4	4	4

Útibú	Útibú			Útibú			Útibú			Útibú		
	Flokkur 1			Flokkur 2			Flokkur 3			Flokkur 4		
	2007	2008	2009	2007	2008	2009	2007	2008	2009	2007	2008	2009
Reykjavík												
Reykjanes	1	1	1				1	1	1			
Vesturland				5	5	5	2	2	2	1	1	
Norðurland				7	7	7	6	6	5	1	1	1
Austurland				5	5	5	3	3	3			
Suðurland	1	1	1				7	7	7			
Samtals	2	2	2	17	17	17	19	19	18	2	2	1

Rekstraraðilar 2009	Lyf og heilsa		Lyfja		Aðrar lyfjabúðir	
	Lyfjabúð	Útibú	Lyfjabúð	Útibú	Lyfjabúð	Útibú
Reykjavík	10		5		8	
Reykjanes	7		5	2	1	
Vesturland	1		2	7	2	
Norðurland	3	2	3	11	1	
Austurland			2	8		
Suðurland	3	3	1	5		
Samtals	24	5	18	33	12	0

Fjöldi íbúa á lyfjabúð 2009	Fjöldi lyfjabúða	Fjöldi íbúa	Íbúar á lyfjabúð
Reykjavík	23	123.609	5.374
Reykjanes	13	99.451	7.650
Vesturland	5	22.957	4.591
Norðurland	7	36.387	5.198
Austurland	2	12.649	6.325
Suðurland	4	24.193	6.048
Landið allt	54	319.246	5.912

Lyfjabúð af meðalstærð á Íslandi 2009	Meðaltal	Minnst	Mest
Afgreiðslustundir á viku	52,1	32,5	126
Lyfjaávísanir 2009	42.224	9.416	167.102
Lyfjafræðingar	1,46	1	4,55
Lyfjatæknar	0,8	0	3,45
Þjálfað starfsfólk	2,4	0,5	7,52

5.7.4. Tölulegar upplýsingar um lyfjasölu

Lyfjanoftkun á Íslandi í skilgreindum dagskömmtum (samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO) á hverja 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000 íbúa á dag).

Lyfjasala í heildsölu á Íslandi 2007-2009 og breyting milli ára / Sales of medicines 2007-2009

	DDD á þúsund íbúa á dag / DDD/1000 inh./day	Breyting milli ára / % change
2007	1.405	1,8%
2008	1.422	1,0%
2009	1.400	-1,6%

Lyfjasala í heildsölu á Íslandi í DDD á 1.000 íbúa á dag eftir ATC-flokkum/
Sales of medicines in DDD/1000 inh./day according to ATC

ATC		2007	2008	2009
A	Meltingarfæra- og efnaskiptalyf / Alimentary tract and metabolism	129,1	120,8	135,9
B	Blóðlyf / Blood and blood forming organs	91,5	103,4	103,2
C	Hjarta- og æðasjúkdómalyf / Cardiovascular system	382,4	400,4	370,0
D	Húðlyf / Dermatologicals	86,4	84,4	77,8
G	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar / Genito urinary system and sex hormones	134,2	128,4	122,4
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar / System hormonal preparations, excl. sex hormones and insulins	32,8	33,0	31,6
J	Sýkingalyf / Antiinfectives for systemic use	24,6	24,2	23,1
L	Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemprunar / Antineoplastic and immunomodulating agents	11,2	11,6	11,6
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf / Musculo-skeletal system	76,9	80,67	83,7
N	Tauga- og geðlyf / Nervous system	311,3	313,8	319,3
P	Sníklalyf / Antiparasitica products, insecticides and repellants	1,2	1,2	1,2
R	Öndunarfæralyf / Respiratory system	113,1	109,8	109,1
S	Augn- og eyrnalyf / Sensory organs	10,5	10,7	10,5
V	Ýmis lyf / Various	0,1	0,1	0,1
Samtals		1.405,4	1.422,4	1.399,5

Hafa ber í huga að ekki hafa öll lyf skilgreindan dagskammt. Mest er um það í lyfjaflokkum D og L. /
Some medicinal products do not have defined daily dose, e.g. ATC- D and L.

Velta lyfja með markaðsleyfi á Íslandi í milljónum kr. eftir ATC-flokkum/
 Turnover in M. ISK* according to ATC.

ATC		2007	2008	2009
A	Meltingarfæra- og efnaskiptalyf / Alimentary tract and metabolism	1.030	1.368	1.414
B	Blóðlyf / Blood and blood forming organs	597	801	1.008
C	Hjarta- og æðasjúkdómalyf / Cardiovascular system	1.243	1.496	1.454
D	Húðlyf / Dermatologicals	152	249	286
G	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar / Genito urinary system and sex hormones	571	784	1.009
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar / System hormonal preparations, excl. sex hormones and insulins	190	269	379
J	Sýkingalyf / Antiinfectives for systemic use	907	1.115	1.479
L	Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemprunar / Antineoplastic and immunomodulating agents	1.505	2.293	3.331
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf / Musculo-skeletal system	420	586	696
N	Tauga- og geðlyf / Nervous system	2.334	3.511	4.426
P	Sníklalyf / Antiparasitica products, insecticides and repellants	20	25	26
R	Öndunarfæralyf / Respiratory system	653	922	1.182
S	Augn- og eyrnalyf / Sensory organs	162	243	337
V	Ýmis lyf / Various	106	152	180
Samtals		10.003	13.817	17.208

* Heildsöluverð án vsk samkvæmt lyfjaverðskrá / Wholesale price without VAT



Velta dýrallyfja með markaðsleyfi á Íslandi í milljónum kr. eftir ATC-flokkum /
 Turnover of veterinary medicines in M. ISK* according to ATC.

ATC		2007	2008	2009
QA	Meltingarfæra- og efnaskiptalyf / Alimentary tract and metabolism	15,1	18,8	24,2
QB	Blóðlyf / Blood and blood forming organs	0,7	1,3	1,3
QG	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar / Genito urinary system and sex hormones	6,9	7,9	10,8
QH	Hormónalyf, önnur en kynhormónar og insúlín / System hormonal preparations, excl. sex hormones and insulins	1,5	2,3	0,8
QI	Ónæmislyf / Immunologicals	7,7	13,8	37,4
QJ	Sýkingalyf / Antiinfectives for systemic use	32,7	43,1	58,1
QM	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindaralyf / Musculo-skeletal system	9,3	13,4	17,5
